

7.október 2022

Pingskjal 154 – 153.mál

Umbeðin umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum 36/1993

Bálfarafélag Íslands

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir

Skólatún 6

225 Garðabær



BÁLFARAFÉLAG  
ÍSLANDS

Þann 25.maí sl. barst formanni stjórnar Bálfarafélags Íslands beiðni um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr 36/1993 (reikningshald Kirkjugarðasjóðs ofl.), 459.mál. Áður höfðu verið birt drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda þann 12.janúar sl. þar sem 130 einstaklingar og samtök lögðust gegn þessum lagabreytingum. Ekki náðist að afgreiða málið fyrir þinglok 152.þings.

Þann 23.september barst formanni stjórnar Bálfarafélags Íslands beiðni í annað sinn um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr 36/1993 (reikningshald Kirkjugarðasjóðs ofl.), 153.mál, sem hér um ræðir.

Þess er óskað að þingmenn í Allsherjar- og menntamálanefnd rýni málið vel, á gagnrýninn hátt og í samhengi við sögu bálfara á Íslandi og sjálfseignastofnunina Tré lífsins.

Inngangur:

Mál þetta fjallar um ferðalag frumkvöðuls um íslenskt stjórnkerfi og tilraun hennar til þess að bjóða upp á nýja valmöguleika við lífslok í takt við fjölbreytileika nútímasamfélags og mótstöðu kerfisins við þeirri baráttu.

Frumkvöðlaverkefnið Tré lífsins hefur verið í þróun frá árinu 2015 með það að markmiði að opna óháða bálstofu á Íslandi, óháð athafnarými og Minningagarð þar sem hægt er að gróðursetja ösku ástvina ásamt tré. Valkosturinn er algjörlega óháður öllum trúar- og lífsskoðunarfélögum, en öllum opinn. Kjósi fólk að hafa útför í kirkju er því ekkert til fyrirstöðu en kjósi fólk bálför myndi bálförin fara fram hjá Tré lífsins. Kjósi fólk að jarðsetja ösku í kirkjugarði, duftreit eða dreifa henni yfir hafi eða óbyggðum er því ekkert til fyrirstöðu. Mikilvægast er að virða val hvers og eins og að bjóða upp á sannarlega óháðan valkost, en í dag er ekki hægt að deyja á Íslandi án þess að þurfa að fara í gegnum eitt trúfélag.

Stofnanda Trés lífsins hafði reynt erfitt að fá upplýsingar um hver veitti leyfi fyrir opnun bálstofu og hvort henni væri yfir höfuð heimilt að ráðast í slíkt verkefni. Svör frá Sýslumannsembættunum og dómsmálaráðuneytinu voru hæg og letjandi. Þá var gripið til þess ráðs að endurvekja Bálfarafélag Íslands, félag sem starfaði í 30 ár á fyrri hluta síðustu aldar og kom fyrstu og einu bálstofu landsins á laggirnar, bálstofunni í Fossvogi.

Sú bálstofa er rekin af sjálfseignastofnuninni Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) og fær hún úthlutuðu almannafé í gegnum kirkjugarðasjóð til reksturs, sem er rukkað sem kirkjugarðsgjald í gegnum skatta. KGRP vill byggja nýja bálstofu í Gufuneskirkjugarði, en þær áætlanir eru tæplega 20 ára gamlar. Í ljósi þess hve samfélagið okkar hefur þróast hratt á undanförunum árum, er orðið fjölbreyttara að samsetningu, undir 60% þjóðarinnar er skráð í Þjóðkirkjuna og ekkert í lögum segir að ríki eða kirkja eigi að reka bálstofu, vill Tré lífsins taka við þessu hlutverki og endurvakti Bálfarafélag Íslands því til stuðnings, enda eru ákvæði um það í íslenskum lögum. Þannig yrði byggt á sögunni og frumkvöðlastarfinu sem stofnendur Bálfarafélags Íslands (1934-1964) skrifuðu á sínum tíma með byggingu bálstofunnar í Fossvogi.

Þegar lög 36 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu voru sett árið 1993 hafði Bálfarafélag Íslands ekki verið starfandi í 29 ár. Frumkvöðullinn sem stendur að baki Tré lífsins endurvakti Bálfarafélag Íslands þann 6.júlí 2021 til að styðja við að Tré lífsins yrði að veruleika. Í kjölfar þess byrjuðu erfiðleikarnir gagnvart kerfinu og stjórn Bálfarafélags Íslands gerir nú alvarlegar athugasemdir við og leggst gegn því að félagið verði fjarlægð úr lögum.

Dómsmálaráðuneytinu var tilkynnt um endurvakningu Bálfarafélags Íslands þann 12.ágúst 2021. Þann 16.september sótti Bálfarafélag Íslands um að fá sæti í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) á grundvelli þessara laga, 36/1993, sem nú stendur til að breyta. Þeirri umsókn var hafnað af stjórn KGRP á þeim forsendum að ekki væri um sama félag að ræða og átt væri við í lögum 36/1993. Félag sem var ekki starfandi þegar lögin voru sett. Stjórn Bálfarafélagsins kvartaði undan þessu til Dómsmálaráðuneytisins þann 4.nóvember 2021 og óskaði eftir því að ráðuneytið myndi hlutast til um málið.

Ekkert heyrðist frá ráðuneytinu, en þann 12.janúar 2022 lagði Dómsmálaráðuneytið fyrst fram drög að lagabreytingartillögum sem hér um ræðir í samráðsgátt stjórnvalda, án þess að láta stjórnendur Bálfarafélagsins, sem voru með erindi á þeirra borði, vita af því. Fyrir helbera tilviljun rákust stjórnendur Bálfarafélagsins á málið í samráðsgátt og gátu komið athugasemdum á framfæri, en alls bárust 130 umsagnir um málið<sup>1</sup>. Undan þessu var kvartað með tölvupósti þann 19.janúar og ítrekun þann 27.janúar. Stjórn Bálfarafélags Íslands telur löggjafanum ekki stætt að fella út lagagreinar sem snúa að félagi sem er til.

Þann 3.febrúar 2022 svaraði dómsmálaráðuneytið loks erindum Bálfarafélagsins frá 4.nóvember 2021 og 19.janúar 2022. Ráðuneytið segist ekki geta hlutast til um kvörtunina vegna setu í stjórn KGRP þar sem að: „...kirkjugarðar (eru) sjálfseignarstofnanir með sérstöku fjárhaldi og á ábyrgð safnaða undir yfirstjórn prófests og biskups. Ákvarðanir þeirra séu því ekki kærarlegar til ráðuneytisins“.

Ráðuneytið frábiður sér því að hlutast til um málið þrátt fyrir að samkvæmt forsetaúrskurði um málefna svið ráðuneyta séu kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla á hendi

---

<sup>1</sup> [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3122](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3122)

Dómsmálaráðuneytisins sbr. 23. tölulið, 1.mgr., 3.gr. laga 6/2022 og Þjóðkirkjan einnig sbr. tölulið 24 a. í 1.mgr. 3.gr. sömu laga.

Ráðuneytið svarar sama dag kvörtun Bálfarafélagsins frá 19.janúar á þann veg að Bálfarafélagi Íslands hafi verið gert viðvart um lagabreytinguna með því að hún hafi verið birt í samráðsgátt.

Þessi atburðarás er stóruandleg og virðist gerð til þess að koma í veg fyrir aðkomu Tré lífsins og Bálfarafélags Íslands að bálfaramálum á Íslandi, enda sækja stjórnendur KGRP það hart að reist verði bálstofa á vegum kirkjugarðanna í Gufuneskirkjugarði. Við þessa stjórnslu og málsframvindu er gerð alvarleg athugasemd.

### **1. Stjórn Bálfarafélag Íslands leggst gegn því að 1.gr. laganna verði samþykkt um að 3 málsl. 1.mgr. 9.gr laga 36/1993 verði felldur á brott.**

*„Bálfarafélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma“.*

#### Rökstuðningur:

Stjórn Bálfarafélags Íslands leggst gegn því að grein um Bálfarafélag Íslands og heimild þess til setu í Kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma verði felld úr lögum 36/1993 á grundvelli þess að félagið hafi ekki verið starfrækt í um 60 ár.

Markmið Bálfarafélags Íslands, sem endurvakið var 6.júlí 2021, eru þau hin sömu og Bálfarafélags Íslands 1934-1964 svo stjórn leggur áherslu á að hið eldra félag hafi verið **endurvakið** og skuli því ekki fella það úr lögum. Bálfarafélag Íslands var endurvakið til að styðja við það að bálstofa Tré lífsins, sem er óhagnaðardröfin sjálfseignastofnun, geti orðið að veruleika. Fyrir Dómsmálaráðherra liggur að ákveða **hvort** að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma fái háar upphæðir úr ríkissjóði til að byggja og reka nýja bálstofu, **eða** að Tré lífsins geti haldið áætlanum sínum áfram. Það er mikil þörf á nýrri bálstofu á Íslandi og vilja aðstandendur Bálfarafélags Íslands styðja að ný bálstofa verði á hendi óháðra aðila, en ekki kirkjugarðanna, eins og verið hefur undanfarin 74 ár, þó að upphaflega hafi það verið frumkvöðlar sem stóðu fyrir byggingu bálstofunnar í Fossvogi.

Bálfarafélagið hið eldra starfaði sannarlega í 30 ár og var lagt niður árið 1964. Hinsvegar segir í síðustu færslu fundargerðarbókar félagsins að verði félag með sama tilgangi stofnað aftur síðar, þá sé það Þjóðskjalasafni Íslands í sjálfsvald sett að afhenda félaginu fundargerðabókina. Lög 36/1993 gera einnig ráð fyrir því að annað slíkt félag gæti verði stofnað síðar, enda eru löginn sett 29 árum eftir að hið upprunalega félag var lagt niður. Það þykir sæta furðu að þessi niðurfelling á ákvæðum um Bálfarafélag Íslands sé lögð til núna þegar yfir 20 breytingar hafa verið gerðar á lögnum síðan þau voru sett árið 1993 og ekki stóð til að gera þessa lagabreytingu skv. þingmálaskrá Alþingis sem birt var í desember 2021.

Kynningafundur um Bálfarafélögin, hið eldra og yngra, var haldinn 23.september 2021 þar sem haft var samband við afkomendur allra stofnenda Bálfarafélagsins eldra og bæði þeim og sögu félagsins voru gerð góð skil á fundinum. Félagið er því endurvakið í sátt við afkomendur frumkvöðlanna. Fulltrúi Þjóðskjalasafns Íslands kom á fundinn og afhenti Bálfarafélagi Íslands hinu nýja, fundargerðarbók eldra félagsins.

Til viðbótar við allt þetta, þá er Bálfarafélag Íslands eini veraldlegi vettvangur hins almenna borgara sem stendur utan trúar- eða lífsskoðunarfélaga til þess að geta haft aðkomu að málefnum kirkjugarða og bálfara en félagsaðild er öllum opin.

## **2. Stjórn Bálfarafélags Íslands leggst gegn 2.gr laganna um að breytingar verði gerðar á 5.mgr. 40.gr.laga 36/1993.**

*„Lagt er til að færa reikningshald Kirkjugarðasjóðs frá skrifstofu biskups til Kirkjugarðaráðs og að birta reikninga sjóðsins á vef Kirkjugarðaráðs í stað Stjórnartíðinda“.*

### Rökstuðningur:

Stjórn Bálfarafélags Íslands mótmælir því að reikningshald Kirkjugarðasjóðs verði fært frá skrifstofu biskups til Kirkjugarðaráðs, enda er það ekki til þess fallið að auka gagnsæi um ráðstöfun á almannafé. Eðlilegra er að halda reikningshaldi innan skrifstofu biskups og birta reikninga kirkjugarðasjóðs á vef Stjórnartíðinda eins og verið hefur.

Um háar upphæðir að ræða á ári hverju og mikilvægt að gagnsæi og skýrleiki sé til staðar. Vefur Kirkjugarðaráðs er barn síns tíma og er illa viðhaldið, síðasta frétt á vefnum var frá því árið 2014 og síðasta fundargerð Kirkjugarðaráðs er frá maí 2021<sup>2</sup>, því er ástæða til að óttast að ekki verði greinargóð skil gerð á reikningshaldi Kirkjugarðasjóðs á þeirri síðu. Eftir að umsögn Bálfarafélags Íslands við frumvarpsdrögum þessum var birt á samráðsgátt stjórnvalda var sett inn frétt um að ný vefsíða væri í vinnslu. Sú frétt var sett inn þann 16.febrúar sl. en enn bolar ekkert á nýrri vefsíðu.

Kirkjugarðaráði er stýrt af fimm kjörnum fulltrúum, m.a. fulltrúa biskups en biskup Íslands er yfirmaður kirkjugarða á Íslandi og skal hann, eða fulltrúi hans fara með formennsku í Kirkjugarðaráði skv.11.gr. laga 36/1993. Ef atkvæði falla jöfn í ráðinu, ræður atkvæði biskups. Kirkjugarðaráð hefur aðsetur sitt á biskupsstofu og sér um að ákveða framlag til einstakra kirkjugarða af því fjármagni sem ríkið veitir árlega til kirkjugarðamála. Kirkjugarðaráð sér um

---

<sup>2</sup> Vefsíðu Kirkjugarðaráðs var breytt eftir að stjórn Bálfarafélags Íslands skilaði inn þessum athugasemdum við frumvarpsdrögin í janúar og júní. Í dag er búið að setja inn fundargerðir ráðsins og setja inn frétt um að ný heimasíða sé í vinnslu.

að úthluta styrkjum úr Kirkjugarðasjóði, en 8-12% af heildarframlagi ríkisins til kirkjugarðamála renna í þann sjóð.

Skrifstofa biskups hefur séð um reikningshald Kirkjugarðasjóðs, enda gilda sömu reglur um reikningshald kirkna og sjóðsins. Reikningshald Kirkjugarðaráðs er á hendi skrifstofu biskups og þar sem Kirkjugarðaráð er rekið af Þjóðkirkjunni, hefur aðsetur á biskupsstofu og biskup er yfirmaður bæði kirkjugarða landsins og Kirkjugarðaráðs samkvæmt lögum 36/1993, ætti reikningshaldið að vera þar áfram og þessi lagabreyting því óþörf.

Fyrir stjórn Bálfarafélags Íslands lítur þessi lagabreytingartillaga út fyrir að vera tilraun til að slá ryki í augu almennings um að kirkjugarðarnir séu óháðir og fjarlægja kirkjugarðaráð frá Þjóðkirkjunni.

### **3. Stjórn Bálfarafélags Íslands leggst gegn því að 3.gr. laganna verði samþykkt um að 2.másl. 2.mgr. 50.gr laga 36/1993 verði felld á brott.**

*„Um reglugerðir varðandi líkbrennslu skal einnig leita tillagna Bálfarafélags Íslands ef því er að skipta“.*

#### Rökstuðningur:

Eðlilegt er að Bálfarafélag Íslands fái til umsagnar mál sem snúa að breytingum á reglugerðum er varða líkbrennslu á Íslandi enda eru í því félagi áhugafólk um bálfarir og stjórn sem kjörin er af félagsmönnum. Að öðru leyti er vísað til sama rökstuðnings um Bálfarafélag Íslands og við lið 1.

Að lokum vill stjórnin koma á framfæri tímalínu þessa máls við nefndarfólk Allsherja- og menntamálanefndar til þess að setja það í samhengi:

1934: Bálfarafélag Íslands stofnað

1948: Bálstofan í Fossvogi tekur til starfa

1964: Bálfarafélag Íslands lagt niður og tekið fram að fundargerðabókina megi afhenda öðru félagi sem síðar kynni að vera stofnað með sama tilgang

1993: Lög 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sett

Tuttugu breytingar gerðar á lögunum á 29 ára tímabili

6.júlí 2021: Bálfarafélag Íslands endurvakið með sama tilgangi og Bálfarafélagið hið eldra og Þjóðskjalasafnið afhendir því fundargerð eldra félags

12.ágúst 2021: Dómsmálaráðuneytinu tilkynnt um endurvakningu Bálfarafélags Íslands

16.september 2021: Stjórn Bálfarafélags Íslands sækir um sæti í stjórn Kirkjugarða

Reykjavíkurráðgjafastjórnir á grundvelli 3.másl. 1.mgr. 9.gr. laga 36/1993

23.september 2021: Kynningafundur um Bálfarafélag Íslands og Tré lífsins

2.nóvember 2021: KGRP hafnar umsókn Bálfarafélags Íslands um setu í stjórn.

4.nóvember 2021: Niðurstöðunni skotið til Dómsmálaráðuneytisins til að skera úr um lögmæti þess

12.janúar 2022: Dómsmálaráðuneytið leggur lagabreytingu þessa í samráðsgátt stjórnvalda. Að fella heimild Bálfarafélag Íslands til setu í stjórn KGRP úr lögum, að færa reikningshald Kirkjugarðasjóðs til Kirkjugarðaráðs og að fella úr lögum að hafa skuli samráð við Bálfarafélag Íslands um breytingar á reglugerðum líkbrennslu. 130 umsagnir berast um málið þar sem einstaklingar og félög leggjast gegn lagabreytingunni.

3.febrúar 2022: Dómsmálaráðuneytið svaraði erindi bálfarafélagsins frá 4.nóvember 2021 og sagði að það gæti ekki hlutast til um ákvarðanir stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma þar sem um væri að ræða sjálfseignastofnun sem ráðuneytið hefði ekki lögsögu yfir.

25.maí 2022. Nefndasvið Alþingis óskar eftir umsögn frá stjórn Bálfarafélags Íslands um frumvarp til breytinga á lögum 36/1993, þingskjal 664, 459. mál.

30.maí: Stjórn Trés fundar með ráðherra og ráðneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins og fær í hendurnar skýrslu sem DMR lét útbúa um stöðu bálfaramála á Íslandi þar sem gerð er grein fyrir valkostinum Tré lífsins og bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

X.júní. Þingi slitið og málið nær ekki fram að ganga.

8.júní 2022. Stjórn Trés lífsins skilar inn athugasemdum við skýrsluna til DMR

19. júlí 2022. Starfsmaður DMR segir að svör um framvindu málsins eigi að liggja fyrir á haustmánuðum

22. september 2022. Dómsmálaráðherra leggur lagabreytingafrumvarpið fyrir Alþingi. Um það eru umræður, m.a. sem snúa að Bálfarafélagi Íslands og Tré lífsins. Málinu vísað til allsherjar- og menntamálanefndar.

23.september. Stjórn Bálfarafélags Íslands og Trés lífsins berst beiðni frá nefndasviði Alþingis um að skila inn umsögn um málið

7.október. Umsögn stjórnar Bálfarafélags Íslands send til nefndasviðs Alþingis.

Virðingarfyllt,

Stjórn Bálfarafélags Íslands

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, Halla Kolbeinsdóttir, Berglind Sigurjónsdóttir, Lilja

Baldursdóttir og Sigurjón Már Guðmannsson